

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Í fundargerð borgarráðs frá 18. mars er undir 15. lið, drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og Golfklúbbs Reykjavíkur, sem þarf að samþykkja sérstaklega og verið hefur nokkur umræða um. Eins og flestum er kunnugt felur þessi liður það í sér að með þessu samkomulagi við Golfklúbbinn mun Reykjavíkurborg efna fyrirbyggjandi samning um stækkun golfvallarins á Korpúlfsstöðum sem undirritaður var 3. apríl 2006. Einnig er með þessum samningi fallið frá fyrri áformum sem voru tíunduð í samningi frá árinu 2007 þar sem gert var ráð fyrir ákveðinni uppbyggingu sem nú hefur verið fallið frá þannig að Golfklúbburinn skilar þannig Reykjavíkurborg verðmætu landi í Staðahverfi sem verður til framtíðar nýtt í þágu íbúa þar og í þágu borgarinnar.

Það er mitt mat og okkar í meirihlutanum að samningurinn, eins og hann liggur nú fyrir, sé til hagsbóta fyrir Reykjavíkurborg og það vekur, og ég vildi nefna það hér, hæstvirtur forseti, vegna þess að sumir hafa í sínum endalausum spunadansi, Samfylkingin er nú að verða lítið þekkt fyrir annað á vettvangi stjórnmalanna en að skálda hluti og einhvern spunaleik og það hefur gengið nokkuð undan oddvitanum í Reykjavík, Samfylkingarinnar, í að nota þetta verkfæri sem er Golfklúbburinn í Reykjavík, og finnst mér með mjög ósmekklefum hætti, vegna þess að það er jú þannig að ég veit ekki hvort Dagur B. Eggertsson var þá hættur að styðja Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, hann fór nú gegn henni á sínum tíma hér í borgarstjórn, en á þeim tíma, 3. apríl þegar samningurinn var undirritaður af Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, og við höfum verið að vinna með þennan samning, ásamt, sem ég vil greina frá vegna þess að umræddur oddviti hefur líka gerst svo smekklegur að tala um þetta sem einhverjar kosningaávísanir og talað um að það hefði kannski gengið 2006 en það myndi ekki ganga núna, þá minni ég borgarfulltrúann á það að kannski voru þetta kosningaávísanir af hálfu Samfylkingarinnar, því þessir samningar, þessi samningur ásamt sex öðrum samningum sem ég get látið oddvita Samfylkingarinnar hafa hér ef hann vill fara yfir þessar kosningaávísanir Samfylkingarinnar á sínum tíma, en í apríl og maí

árið 2006 undirritaði þáverandi borgarstjóri, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sjö samninga, íþróttasamninga í Reykjavík.

Þannig að kannski þekkir Dagur B. Eggertsson betur en margir hér inni hvernig menn nota mánuðina rétt fyrir kosningar en hið rétta í málinu er það að Reykjavíkurborg er einungis, og hefur klárað alla þessa samninga, klárað að formgera alla þessa samninga, en Dagur B. Eggertsson og félagar hans ákveða að ganga hart fram gegn Golfklúbbi Reykjavíkur, einhverra hluta vegna, frekar en íþróttafélögum öðrum sem eru hluti af þessum sjö samningum sem Steinunn Valdís undirritaði á sínum tíma, upp á tvo milljarða rúma. Tvo milljarða og 260 milljónir kostuðu samningarnir sem Steinunn Valdís Óskarsdóttir, væntanlega með stuðningi Dags B. Eggertssonar, undirritaði þessar nokkrar vikur fyrir síðustu kosningar. Og eins og Dagur B. Eggertsson segir réttilega í viðtali í kosningablaði Samfylkingarinnar, hann segir þar orðrétt: „Þetta gekk kannski árið 2006“. Já, sannarlega taldi Samfylkingin að þetta virkaði vel fyrir þau árið 2006, svo þegar er komið að árinu 2010 og Dagur B. Eggertsson er ekki lengur stuðningsmaður borgarstjórans eða meirihlutans, þá telur hann að sami samningur sé orðinn einhver kosningagjörningur, fjórum árum síðar.

Ég vil áréttta það að í þessu tilviki og borgaryfirvöld, alveg sama hvaða flokkar hafa komið hér að, mér er til dæmis kunnugt um það að borgarfulltrúinn sjálfur sat fund með Golfklúbbi Reykjavíkur til þess að fara yfir þessa samninga þegar hann var borgarstjóri, og allir meirihlutar, allir flokkar, lofuðu því að standa við þessa gerðu samninga. Við öll þessi íþróttafélög. Þar með talið Golfklúbb Reykjavíkur. En einhverra hluta vegna er ekki verið að slást um samninginn við Fjölni eða samningana við Fram eða samninginn við ÍR eða samninginn við önnur íþróttafélög, heldur er tekinn þessi slagur og ég held að það sé vegna þess að það er kosningaskjálfti kominn í Samfylkinguna, skárri væri það, ekki gengur þeim vel í skoðanakönnunum, þannig að það er hvað sem er notað, jafnvel samningar sem eigin forystumenn undirrituðu, kannski þá bara í algjörum kosningaham og ætluðu sér aldrei að standa við samningana, kannski voru allir þessir samningar undirritaðir svo smekklega stuttu fyrir kosningar en aldrei stóð til að standa við þá. En nú hafa menn haft fjögur ár til þess að reyna að formgera þessa samninga og það hefur tekist í öllum tilvikum utan eins, það á eftir að ganga frá samningi

við ÍR en það er búið að klára þetta mál með miklu farsælli hætti heldur en leit út fyrir um tíma.

Svo talar borgarfulltrúinn um það að það sé forgangsöröðun í gangi, golfvellir eða skólamáltíðir, golfvellir eða velferð barna. Þá skulum við líka bara taka alla þessa samninga, alla þessa samninga, alla þessa gjörninga Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, upp á tvo milljarða og 260 milljónir og fara yfir það hvers vegna menn skrifuðu undir samningana, hvort það var engin alvara á bakvið það, hvort að íbúar í Reykjavík, hvort sem það er í Fjölni, Golfklúbbi Reykjavíkur eða ÍR eða hvað, geta ekki treyst undirritun borgaryfirvalda. Eða hvort það er bara sami gamli kosningaspuninn. Dagur B. Eggertsson hefur nú ekki verið kallaður slíkum nöfnum vegna einskis, heldur vegna þess að þetta er afar ómaklegt. Og látum það vera að ráðast gegn meirihlutanum í Reykjavík en að ráðast gegn Íþróttafélagi í Reykjavík sem á ekkert annað sökótt við borgaryfirvöld heldur en að hafa trúað borgarstjóranum í Reykjavík og þáverandi meirihluta í apríl 2006 og undirritað viðkomandi samning. En nú er hann allt í einu orðinn merki um það versta í samfélaginu en það má klára samningana við öll hin íþróttafélögin. Öll hin íþróttafélögin. Bara ekki þegar það er golf. Vegna þess að popúlistarnir í Samfylkingunni telja að það sé einhvern veginn verra heldur en einhverjir aðrir samningar.

Þá minni ég á það að það eru 300.000 heimsóknir á þennan umrædda völl í Reykjavík á ári. Það eru ungmenni sem stunda þarna starf, það eru eldri borgarar sem stunda þarna mjög kröftugt og öflugt starf og það er engin ástæða til þess, og ég bara bið menn um að hafa þá sömu línuna, ef við viljum draga þennan samning í efa og menn vilja ganga fram eins og þeir hafa gert, Dagur B. Eggertsson og félagar, sem hafa ekkert annað til þess að berja á meirihlutanum með en Golfklúbb Reykjavíkur, málefnalegt sem það nú virðist, þá skulum menn ganga alla leið og segja bara hreint út: Við ætlum ekki að standa við einn einasta samning af þeim samningum sem borgarstjóri Steinunn Valdís Óskarsdóttir gerði. Við skulum ræða það á þeim forsendum. Vegna þess að við höfum ekki talið annað heldur en að borgarstjóranum í Reykjavík hafi verið alvara, meirihlutanum í Reykjavík hafi verið alvara þegar hann undirritaði samninginn og við höfum ekki gert neitt annað en að reyna að ljúka því verkefni.

Fyrir nú utan það að talað er stöðugt um 230 milljónir. Þessar 50 milljónir eru inni í fjárhagsáætlun á þessu ári og það er borgarfulltrúanum búið að vera kunnugt um lengi, ég gerði grein fyrir því í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun, þannig að það er ekkert nýtt í málinu annað en það að Dagur B. Eggertsson er kominn með algjöran kosningaskjálfta og telur að þetta mál og það að beita fyrir sig einhverju sem hann telur að sé sport sem sé ekki almenningi þóknanlegt og það nýtir hann. En borgarfulltrúinn verður að svara því, og Samfylkingin sérstaklega, Vinstri græn hafa nú ekki alveg farið í sama popúlistaleikinn enda þeim ekki jafnlagið og Samfylkingunni, að þá verða menn að svara því: Vilja menn draga til baka alla þá samninga sem Steinunn Valdís gerði nokkrum mánuðum fyrir síðustu kosningar? Var engin alvara á bakvið þá samninga og af hverju á frekar að taka þennan samning, sem til dæmis ýtir undir framkvæmdirnar sem Dagur B. Eggertsson vill fara í lántökur út af, hann vill fara í lántökur út af framkvæmdum. Það er fullt af störfum, Dagur B. Eggertsson, sem skapast í kringum það að gera þennan völl tilbúinn. Það eru jafnvel umhverfissvænni og farsælli framkvæmdir heldur en byggingar hefðbundinna íþróttamannvirkja.

En Dagur B. Eggertsson og félagar verða að útskýra það, ég sé að borgarfulltrúinn andvarpar mikið og kveður sér hljóðs, þá verða menn að svara því: Eigum við að draga alla þessa samninga sem gerðir voru í þessum mánuðum í efa eða eigum við bara að láta það ganga yfir þennan eina samning?

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Til máls tekur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Nú er býsna lágt lagst. Ég get ekki sagt annað. Eftir að Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, hefur mistekist gjörsamlega að slá sig til riddara hjá golfáhugafólki með því að spila út 230 milljónum á kostnað borgarbúa [frammícall HBK] sem starfsfólk Reykjavíkurborgar, foreldrar og aðrir, hafa verið tilbúin að spara við erfiðar aðstæður, þá hélt eina örkotsstund, borgarstjórinn í Reykjavík að þessi sparnaður hefði verið til þess að hún gæti gert sig vinsæla í aðdraganda kosninga. Og þegar málið er komið í vörn, hvað er gert þá? Þá eru teknir hér samningar við íþróttafélög sem eru til og hafa verið gerðir í gegnum árin, verið endurgerðir og settir á stera af núverandi meirihluta í Reykjavík, en eiga það meira eða minna allir sameiginlegt, allir, að þá þurfti að setja á ís eftir hrunið. Allir.

Við erum að tala um 350 m.kr. samning við Fylki, við erum að tala um 800 m.kr. samning við ÍR, við erum að tala um samning við Fram út af uppbyggingu í Úlfarsárdal, við erum að tala um samninginn við Fjölni upp á 350 milljónir sem síðan var breytt í 950 milljónir í aðdraganda alþingiskosninganna 2007 af þáverandi borgarstjóra Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni og var dreginn til baka um daginn af því að hann reyndist hafa verið þriggja milljarða. Þriggja milljarða. Gott og vel. Það hefur átt við um alla þessa samninga að hin skynsama, hægláta og metnaðarfulla forysta íþróttafélaganna í Reykjavík horfðist í augu við það við hrun að þessa samninga þyrfti að setja til hliðar.

Látum nú vera yfirboðun sem Sjálfstæðisflokkurinn fór fram með hér í aðdraganda síðustu kosninga og fussaði yfir þeim samningum sem nú eru kallaðir kosningatrix, yfirbauð í hverju horni og gerði svo ekki neitt alveg fram að hruni en eftir hrun var sest niður með öllum þessum íþróttafélögum og samið um það að þessir samningar yrðu lagðir til hliðar. En það var gert meira en það. Það var farið í vinnu með starfsfólki borgarinnar, starfstöðum, skólunum, félagsþjónustunni, velferðarsviðinu, þjónustumiðstöðvunum, það var farið í að skera niður allsstaðar. Allsstaðar. Hversu margir starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa ekki tekið á sig

launalækkanir, háttvirtur borgarstjóri í Reykjavík? Er hægt að fá svar við því? En nú á að taka eitt mál út úr. Nú á að taka einn samning út úr og hvaða samningur er það? Hvernig hljóðar hann? Samningurinn sem vísað er til. Jú, hann hljóðar upp á það að stefnt skuli að því að hefja framkvæmdir 2009. Stefnt skuli að því.

Fastar er nú ekki kveðið að orði í samningnum sem hér er veifað eins og óumflýjanlegum. Eins og hann sé einhvern veginn annars eðlis en allir hinir samningarnir við Íþróttafélög, listahópa, starfsmenn, vegna þess að þeir eru líka með samninga um sín laun. Það er látið eins og allir þessir samningar hafi verið efndir. En svo er auðvitað ekki. Hér er þvert á móti verið að taka eitt félag útúr og ég get alveg tekið undir það, auðvitað er það illa gert af borgarstjóranum í Reykjavík að taka eitt félag út úr og hengja það svona út, en hvergi í nokkrum þeim ummælum sem frá mér eða öðrum talsmönnum Samfylkingarinnar hafa komið í þessu máli er orði hallað hvorki á golf né Golfklúbb Reykjavíkur.

Hér er fyrst og fremst verið að tala um pólitík sem snýst um forgangsröðun og þetta er vond, óverjandi forgangsröðun við þær aðstæður sem við er að glíma í borginni. Við þær aðstæður þegar verið er að skerða sérkennslu við börn. Við þær aðstæður þegar verið er að banna kennurum að fjölrita námsgögn. Við þær aðstæður þegar það er ráðningastopp í hverjum einasta skóla, við þær aðstæður þegar formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar dásamar hjálparstofnanir vegna þess að velferðarráð og metnaðurinn þar nær ekki utan um þá fátækt, þá fátækt sem er staðreynd í Reykjavík.

Við erum að tala um forgangsröðun við þessar aðstæður. Og hver skilur það að það þurfi að bíða með samninga? Borgarstjóri hefur sjálfur haldið hér réttilega fjölmargar ræður til að hrósa þessum sömu félögum, félagasamtökum, foreldrum og starfsmönnum sem sitja núna eftir með spurningarmerki á enninu [forseti slær í bjöllu] vegna þess að borgarstjóri notaði fyrsta tækifærið þegar var búið að spara allsstaðar, líka þar sem verið er að skerða grunnþjónustu, [forseti slær í bjöllu] líka þar sem fólk er að reyna að ná endum saman í eigin fjárhag með takmörkuðum launum [forseti slær í bjöllu] og að dirfast svo, að dirfast svo að koma hér og halda því fram að þetta snúist um að standa við samninga frá 2006 [forseti slær í bjöllu] sem var kippt úr sambandi 2007 með nýjum samningi Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þáverandi borgarstjóra.

Bstj. 6. apríl 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu og er beðinn um að virða tímamörk. Nú veitir andsvar hæstvirtur borgarstjóri.

- 4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars**
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Örstutt vegna þessa. Borgarfulltrúinn talar endalaust um að hér sé á ferðinni eitthvert kosningatrix. Ef ég hefði ætlað að leika sama leik, þá hlýtur það að hafa verið þannig. Steinunn Valdís Óskarsdóttir gekk frá sjö samningum, þeir eru allir hér. Dagur B. Eggertsson er að viðurkenna það og segja að það hafi verið kosningatrix vegna þess að það gengur enginn frá samningum við Íþróttafélög nema rétt fyrir kosningar til að fá atkvæði. Niðurstaðan er sú að það var gert. Ef ég hefði lært eitthvað af henni þá virkaði það ekki. Samfylkingin kolféll í þeirri kosningabaráttu. Þannig að guð forði mér frá því að leika þann leik aftur. Ég myndi fara í þveröfuga átt.

Málið er það, Dagur B. Eggertsson, ég er hér með samningana. Ég er hér með stöðu umræddra samninga. Við höfum verið í samningaviðræðum við alla þessa aðila. Við höfum leitað nýrra samninga og nýrra leiða við alla þessa aðila. Við ÍR, við Fjölni, við Fram, við Íþróttafélag fatlaðra og alla þá aðila sem Steinunn Valdís gekk til samninga við. Af hverju á Golfklúbburinn að vera undanþeginn því? Af hverju í ósköpunum á ekki að setjast niður með honum og klára það? Það hafa allir tekið á sig niðurskurð, hárrétt. Það sama á við um Golfklúbbinn. Þeir töldu sig hafa umtalsvert betri samning í höndunum frá árinu 2007 en þeir hafa í dag. Þeir hafa tekið á sig nákvæmlega sama kött og allir aðrir. Rétt skal vera rétt. Við ræddum þetta ítrekað í aðgerðahópnum en Dagur B. Eggertsson talar auðvitað allt öðruvísi núna.

Þegar það var þannig talað um það að þessir samningar skyldu allir yfirfarnir með viðkomandi íþróttafélögum og rætt við þá um það að koma til móts við sjónarmið borgarinnar. Í öllum tilvikum hefur það tekist. Eini samningurinn sem stendur út af er samningurinn við ÍR. Það er verið að vinna með ÍR núna. Þannig að það er ósanngjarnt gagnvart Golfklúbbnum, makalaust ósanngjarnt, að segja, hann sagði hér áðan, borgarfulltrúinn, þeir voru með samning í höndunum upp á rúma þrjá milljarða en nú eru þeir með samning í höndunum upp á 230 milljónir. Þeir hafa verulega skorið niður af þeim samningi sem þeir töldu sig hafa fengið 2007 sem

Bstj. 6. apríl 2010

var þeim hagfelldari að þeirra mati. Þannig að það hafa allir gert það og það er hárrétt hjá Degi B. Eggertssyni að öll íþróttafélögin hafa verið reiðubúin í þá vegferð með okkur að skera niður þessa samninga og það hefur Golfklúbbur Reykjavíkur líka verið til í. Hann er engin undantekning í því.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þriggja milljarða samningurinn var við Íþróttafélagið Fjölni. Gerður í maímánuði 2007 af núverandi meirihlutaflokkum. Það var enginn þriggja milljarða samningur við Golfklúbb Reykjavíkur. Samningurinn sem borgarstjóri vísar hér ítrekað til segir í 7. grein frá 2006: Stefnt er að því að framkvæmdir við stækkun Korpúlfsstaðavallarins hefjist innan þriggja ára. Stefnt er að því. Þetta er nú öll nauðungin. Það varð hér hrún, það hefur gríðarlega margt þurft að bíða, það hafa allir þurft að taka á sig skerðingu, sérstaklega sú þjónusta sem viðkvæmust er hjá borginni, skólarnir, leikskólarnir, er borgarstjóranum í Reykjavík fyrirmunað að skilja það að golf eins og allar aðrar ágætar íþróttir verði að hinkra og bíða við þessar aðstæður, ekki af því að einhver ætli að svíkja neinn heldur vegna þess að hér varð hrún og tekjufall, heldur vegna þess að núna þarf að forgangsraða í þágu þess sem ennþá meira máli skiptir.

Ég þekki mjög marga golfara. Ég þekki engan sem er ekki sammála því að það sé eitthvað kúnstugt við þessa forgangsroðun. Og það er bara skollaleikur og gerviskjól hjá borgarstjóranum í Reykjavík að reyna að skýla sér á bakvið þennan samning frá 2006 eða önnur íþróttafélög sem öll hafa þurft að búa við það, eins og starfsfólkið okkar, eins og skólarnir okkar, eins og leikskólarnir, að hlutir verða að bíða þegar kreppa skellur á. Að við verðum að forgangsraða í þágu þess sem skiptir mestu máli [forseti slær í bjöllu]. Þetta heldur bara engu vatni, háttvirtur borgarstjóri [forseti slær í bjöllu].

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir borgarstjóri andsvar í annað sinn.

- 4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars**
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Röksemd borgarfulltrúans heldur engu vatni. Vegna þess að Golfklúbbur Reykjavíkur hefur beðið eins og öll önnur íþróttafélög í borginni. Öll önnur íþróttafélög í borginni hafa beðið og það hefur Golfklúbburinn líka gert. Það er engin sérstök meðferð sem Golfklúbburinn er að fá. Engin. Ég skil ekki, ef borgarfulltrúinn talar svona um forgangsöröðun, sem ég er alveg sammála honum um, ég er algjörlega sammála honum um, að það á að forgangsraða þannig og þess vegna hefur ekkert verið forgangsraðað í þágu Golfklúbbs Reykjavíkur. Þetta var inni í fjárhagsáætlun og af hverju styður borgarfulltrúinn Egilshallarsamninginn fyrir Fjölni? Af hverju styður borgarfulltrúinn MEST-samninginn fyrir Fylki í Árbænum? Af hverju í ósköpunum? Má þá ekki bara bíða með þetta líka? Af hverju í ósköpunum styður hann, hann hefur ákveðin tengsl inn í ákveðna íþróttahreyfingu, er það vegna þess sem hann styður þessa samninga? Af hverju styður hann ekki samninginn við Golfklúbb Reykjavíkur eins og önnur íþróttafélög?

Borgarfulltrúinn verður að svara því vegna þess að Golfklúbburinn hefur beðið. Samningurinn var gerður, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, 2006. Við erum að formgera samninginn í greiðslum, 50 milljónir á ári, til næstu ára. Og að halda því fram að þeir hafi ekki sýnt sama skilning og önnur íþróttafélög, þeir hafa sýnt nákvæmlega sama skilning og bíða með nákvæmlega sama hætti. Það er Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi sem er að reyna að gera málið kúnstugt og heldur að það gagnist honum í einhverri popúlistavegferð að tala illa um golf og segja: Ætla menn að byggja golf í staðinn fyrir dagvistun? Það er enginn að velja slíkt á milli en þá eigum við að vera samkvæm sjálfum okkur, þá á Dagur B. Eggertsson að vera á móti öllum þessum samningum og öllum þeim afleiðingum sem þeir hafa kostað okkur. Öllum. Ekki bara velja sér eina íþróttagrein sem hann telur að sé betur fallin til þess að fá fólk til fylgilags við kolaranga skýringu á samningi sem hann sjálfur studdi árið 2006 en meinti greinilega ekkert með. Þannig að ég bið bara íþróttafélögin að vara sig á því að undirrita samninga við Samfylkinguna.

Bstj. 6. apríl 2010

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að veita andsvar í annað sinn. Þá svarar borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvari í annað sinn.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Eins og rækilega var bókað í fundargerðir borgarráðs, bæði þegar Egilshallarmálið eða samningurinn við Fjölni kom upp fyrst, þá studdi Samfylkingin það sem var býsna þröngur samningur og ekki góður að okkar mati eins og fram kom í bókuninni vegna þess að við gátum fallist á það að samningurinn sem Sjálfstæðisflokkurinn gerði við Fjölni rétt fyrir alþingiskosningarnar 2007 var galinn og hefði kostað Reykjavíkurborg þrjá milljarða í stofnkostnaði og 440 milljónir í árlegan rekstrarkostnað og var þó nýi samningurinn skömminni skárri og auðvitað er starfsemi í Egilshöll mikilvæg fyrir börnin í Grafarvogi.

Varðandi aðstöðuna í Norðlingaholti, af því að hér var spurt um það, þá er hún núna N1 sjoppa. N1 sjoppa og allir sem fylgjast vel með í Norðlingaholti og Árbæjarhverfi vita að foreldrar þar eru margir hverjir búnir að vera mjög áhyggjufullir yfir þróun mála þar, þannig að það að skjóta skjólshúsi yfir fimleikana, félagsaðstöðu og unglिंगana í Norðlingaholti var algjört forgangsmál. Það eru níu holur, viðbótarholur, við Korpúlfsstaðavöllinn ekki. Þær bara eru það ekki. Það er ekki með neinum hætti hægt að styðja þessar viðbótar níu holur með vísan til velferðar barna, þeirra heill, forvarna eða neinu öðru en ódýru kosningatrixi borgarstjórnans í Reykjavík. Ekki neinu öðru. Og það er með engum hætti hægt að skýla sér á bakvið samninga annarra íþróttafélaga vegna þess að þeir hafa verið á ís. [forseti slær í bjöllu] Eins og launin, eins og starfsemin, eins og sérkennslan og svo fjöldamargt annað sem er mikilvægara að forgangsraða [forseti slær í bjöllu] fyrir núna.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að svara andsvari í annað sinn. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta er mjög sérkennileg umræða sem hér fer fram um þetta mál og það kom mér reyndar í opna skjöldu þegar Samfylkingin, aðallega Samfylkingin, og reyndar fylgdu síðan Vinstri grænir með, skyldu leggjast jafnharkalega gegn efnd þessa samkomulags sem var reyndar búið að breyta og fara með niður í þær stærðir sem þær voru þann 3. apríl þegar þáverandi borgarstjóri, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, undirritaði samkomulagið, 3. apríl 2006, þannig að ég verð nú að líta svo á að Samfylkingin líti á þetta sem heppilegt kosningamál, því á sama tíma, eins og borgarstjóri hefur minnst á, að þá er borgarráð að ganga frá samkomulagi við Fylki og við Fjölni, sem gert var samkomulag líka við fyrir kosningarnar 2006, og það voru ekki bara þessir samningar heldur voru þetta, eins og áður hefur komið fram, margir samningar sem voru undirritaðir, þetta voru samningur við ÍR upp á 800 milljónir, þetta var allt samþykkt í borgarráði 27. apríl 2006, það var samningur við ÍR upp á 800 milljónir, það var samningur við Fjölni upp á 350 milljónir, það var samningur við Íþróttafélag fatlaðra upp á 775 milljónir, við Leikni upp á 110 milljónir, við KR upp á 20 og samtals voru þetta 1.565 milljónir sem á núverandi verðlagi eru 2,2 milljarðar.

Það er rétt að halda því til haga að það er ekkert sérstaklega verið að draga Golfklúbb Reykjavíkur út úr vegna þess að það er verið að ganga til móts við Fjölni og Fylki með mjög svipuðum hætti og við GR. Það er verið að auka tíma í Egilshöll og alla aðstöðu þar, það er verið að byggja fimleikahús eða stendur til að byggja fimleikahús í MEST húsinu og þetta er gert í mjög góðri sátt við þau félög í Árbæjarhverfi og Grafarholti. Síðan er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson að halda fram hér hreinum og beinum ósannindum, búið að gera það í tvígang undir þessari stuttu umræðu, heldur því fram að það hafi verið gerður samningur við Fjölni upp á þrjá milljarða. Þetta eru bara hrein ósannindi og eins gott að borgarfulltrúinn biðjist afsökunar á þessu, vegna þess að samningurinn var upp á 950 milljónir króna. Síðan ætluðu menn að skoða eitt og annað en samningurinn var upp á 950 á þáverandi verði. Upp á 950 milljónir. Þannig er samningurinn undirritaður. Samt kemur þessi borgarfulltrúi hingað upp, borgarfulltrúi Dagur B.

Eggertsson, og fullyrðir að það hafi verið gerður samningur upp á 3 milljarða. Það er bara ekkert hægt að sætta sig við svona málflutning. Hrein og klár ósannindi og ekkert annað. Og því miður ekki í fyrsta sinn.

Það er líka rétt að minna á það í öllum þessum málum að á sínum stutta valdatíma sem borgarstjóri undirritaði eða gerði borgarstjórinn þáverandi, Dagur B. Eggertsson, ásamt Birni Inga Hrafnssyni, þáverandi formanni íþrótt- og tólmstundaráðs, samning við 25 íþróttafélög. Þann 21. janúar 2008 við 25 íþróttafélög og þá var nú kannski aðeins byrjað að dökkna á himni hér í efnahagshorfum þjóðarinnar. Allavega hjá sumum. Og örugglega Degi B. Eggertssyni, á þessum tíma, borgarfulltrúa. Við 25 íþróttafélög. Og þetta voru samningar sem þá voru gerðir upp á tæpa 5 milljarða króna á þáverandi verði. Tæpa 5 milljarða króna. Við 25 félagasamtök um rekstur og þjónustu. Eða ... þetta heita þjónustu- og rekstrarsamningar. Þannig að þegar maður lítur til skamms tíma og lítur á það hvernig viðkomandi borgarfulltrúi, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, hefur raunverulega stýrt þessum málum, að þá bara finnst manni grátlegt að hlusta á þessa umræðu og í raun og veru þótt borgarfulltrúinn haldi því fram að það sé ekkert verið að beina spjótum að Golfklúbbi Reykjavíkur, þá er það auðvitað svo að stjórnendur þessara félagasamtaka taka auðvitað nærri sér þessa umræðu. Þegar sérstaklega þetta ágæta félag, sem hefur haldið uppi gríðarlega mikilli og góðri starfsemi, bæði fyrir unga, miðaldra og eldri, og fleiri hópa sem hafa nýtt sér þessa starfsemi alveg sérstaklega, ég tala nú ekki um eldri borgara og atvinnulausa, þá finnst mér þetta ekki sæmandi málflutningur og mér finnst bara í raun og veru furðulegt og dálítið dularfullt að þurfa að vera að ræða þetta mál með þessum hætti hérna undir þessum formerkjum.

Ég vil bara benda á það í lokin að við erum með, það eru umsóknir í Golfklúbbinn á hverju ári hérna í Reykjavík, það eru 71.000 umsóknir. [Forseti slær í bjöllu] Og það má fullyrða að þessi útivistarsvæði sem eru aðstaðan uppi í Grafarholti þar sem borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson hefur spilað nokkrum sinnum, og fleiri borgarfulltrúar, og haft ánægju af, og aðstaðan á Korpu [forseti slær í bjöllu], þetta er með stærstu og eftirsóttustu útivistarsvæðum hér á höfuðborgarsvæðinu.

Bstj. 6. apríl 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar og gerir stutta athugasemd.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég var beðinn hér að rökstyðja það að samningurinn við Fjölni hefði kostað þrjá milljarða. Þar er ég einfaldlega að vísa til þeirrar greinargerðar sem fjármáladeild Reykjavíkurborgar lagði fram til að rökstyðja það að þetta væri ásættanlegur samningur, núna þegar hann var lagður fyrir, það er að segja Fjölnissamningurinn. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Að falla frá eldri samningum um uppbyggingu á næstu misserum og íþróttamiðstöð og aðstöðu fyrir félagsstarf fyrir 2,5-3 milljarða og þar af leiddan árlegan kostnaðarauka borgarinnar vegna rekstrar og leigu að upphæð 400 milljónir króna.“

Þannig að þetta eru ekki ósannindi, þetta eru þvert á móti þau gögn sem lögð eru fram í borgarráði af fjármáladeild borgarinnar með aðkomu íþrótt- og tómstundaráðs. Ef það er eitthvað ósatt í þessu, þá er það líklega það að það er sérstakt rannsóknarefni, það er sérstakt rannsóknarefni að því skuli hafa verið haldið fram þegar þessi samningur var lagður fram í upphafi vorið 2007, að hann myndi bara kosta 950 milljónir ef, aðeins þremur árum síðar, er ljóst að skuldbindingarnar eru í kringum 3 milljarða með afleiddan rekstrarkostnað upp á 400 milljónir á ári. Þannig að ef einhver á að biðjast afsökunar í þessu efni, þá er það sannarlega ekki sá sem hér stendur.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ræddi við sviðsstjóra Íþrótt- og tómsundasviðs í dag. Ég hef líka séð þennan samning, að sjálfsögðu, oftar en einu sinni. Hann hljóðar upp á 950 milljónir króna. Hann er bara þannig, samningurinn. Hann er bara skýr og klár og ég hvet borgarfulltrúa Dag B. Eggertsson til að lesa samninginn, ekki þrjá milljarða. Það er rétt að í greinargerð voru menn að velta fyrir sér ýmsum hlutum en samningurinn sem slíkur sem var undirritaður hljóðar upp á 950 milljónir króna og er til fimm eða sex ára eða svo. Þannig að rétt skal vera rétt. Og ef borgarfulltrúinn les þetta út úr greinargerð fjármálastjóra, þá er sjálfsagt að fara yfir það og átta sig á því nákvæmlega hvert fjármálastjórinn er að fara með því sem hann segir en samningurinn sem slíkur, samningurinn sem hefur verið undirritaður hljóðar upp á 950 m.kr.

Varðandi fleiri atriði tengd þessum málum þá finnst mér þessi umræða afskaplega sérkennileg. Mér finnst í raun og veru að það sé verið að, þó svo að borgarfulltrúinn hafi nú afneitað því algjörlega að það sé verið að senda þessum 3-4.000 félögum í Golfklúbbi Reykjavíkur, þessum tugum þúsunda einstaklinga sem nýta sér þetta sem útivistarúrræði, fólk á öllum aldri, þetta er ekki bara ríkt miðaldra fólk eins og sumir halda, þetta eru börn og unglingar, það er gríðarlega mikið unglिंगastarf hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, gríðarlega mikið starf fyrir eldri borgara og atvinnulausir hafa nýtt sér þessa aðstöðu verulega mikið frá því að þetta mikla atvinnuleysi skall yfir þjóðina. Þannig að þessi svæði í Grafarholti og á Korpunni hafa bara miklu hlutverki að gegna og nú er verið að mæta þeirri brýnu þörf sem er til staðar í þessum efnum, það er fyrst og fremst verið að efna samning frá 2006 og það var ekki borgarstjóri Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sem dró samninginn til baka, mig minnir að það hafi verið borgarstjóri [forseti slær í bjöllu] Dagur B. Eggertsson sem gerði það í janúar 2008 ef ég man rétt.

Forseti: Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið við að svara andsvari og þá veitir borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvar í annað sinn.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Já, ég held að þú munir það rangt ágæti borgarfulltrúi, því ég held að ég muni það rétt að nýr samningur frá 2007 hafi verið tilbúinn í apríl eða svo, sem var í þinni borgarstjóratíð. Ég við undirstrika það hér í þessari umræðu að Samfylkingin eða aðrir í minnihlutunum hafa ekki nálgast hana til þess að halla orði að golfi eða draga íþróttir í dilka, heldur þvert á móti. Við höfum verið að gera athugasemd við það að hér er verið að taka eitt félag út úr og gera samning sem við þessar aðstæður er augljóst að megi og eigi þar með að bíða.

Vissulega var hún hjartnæm, ræða borgarfulltrúans Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þegar hann tíundaði, sem rétt er, að ýmsir stunda golf. En ég verð þó að segja það sem mína skoðun að mér finnst það til marks um algjöra firringu, algjöra firringu borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík þegar menn leyfa sér að koma hér í pontu og halda því fram til að rökstyðja þörfina fyrir nýjar níu holur við Korpúlfsstaðavöll að atvinnulausir spili svo mikið golf. Að atvinnulausir spili svo mikið golf. Ætli það sé nú ekki ýmislegt sem fjölskyldur atvinnulausra, sem börn sem búa á heimilum þar sem er ein fyrirvinna nú í staðinn fyrir tvær eða jafnvel báðir foreldrar atvinnulausir, heldur en það að níu holum verði aukið við Korpúlfsstaðagolfvöllinn? Ég held að það kristallist einfaldlega í þessum ummælum, sem sjálfsagt voru ekkert illa meint hjá borgarfulltrúanum, hversu mikill himinn og haf er úr herberginu þar sem meirihlutinn í Reykjavík [forseti slær í bjöllu] tekur ákvarðanir eins og þessar og inn í þann veruleika sem venjulegt fólk í Reykjavík býr við [forseti slær í bjöllu] í krepunni.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar í annað sinn. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson í annað sinn.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég hef svosem ekki miklu við þessa umræðu að bæta. Hins vegar tel ég að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson ætti að kanna það nákvæmlega í hvers konar viðræður hann fór við forráðamenn Golfklúbbs Reykjavíkur þann stutta tíma sem hann var borgarstjóri, í þessa þrjá mánuði, og rifja upp hvað borgarstjóra og forráðamönnum [óskýrt] fór á milli. Það er til skráð, ég ætla ekkert að fara að rifja það upp hérna en staðreyndin er sú að þá var lagður grunnur að því að samningurinn sem borgarfulltrúinn sagði að borgarstjóri Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefði dregið til baka, það var borgarstjóri Dagur B. Eggertsson sem gerði það. En látum þetta nú vera. Varðandi þetta tal um atvinnulausa, þá kom það fram bæði í ræðu annarra hér að það væru fjölmargir hópar sem nýttu sér þessa aðstöðu og mér finnst leitt að borgarfulltrúinn skuli reyna að snúa þessu upp í einhverja umræðu um það að þetta sé bara aukunarverður málflutningur og svona. Það eru hérna, þeir sjálfir, forráðamennirnir, sem nefna þetta og þeir nefna tiltekna hópa sem nýta sér þessa aðstöðu og það má ekki tala um þetta með einhverri fyrirleitningu og ég bara frábið mér það að nefna það en staðreyndin er sú að fólk sem því miður enn um stundir hefur ekki atvinnu þarf kannski að finna sér úrræði fyrir einhverjar tómsundur eða nýta tímann vel og það er ekkert til þess að tala þannig um að þetta sé af hinu slæma. Mér finnst þetta háflálgkúruleg umræða þegar reynt er að snúa þessu upp í svona tal og frábið mér að taka þátt í henni frekar.

Forseti: Borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur lokið við að svara andsvari í annað sinn. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Sóley Tómasdóttir: Forseti, ágæta borgarstjórn. Það hefur verið afar athyglisvert að hlusta á umræðurnar hér í dag. Hlusta á borgarstjóra réttlæta það hvernig semja þurfi við Golfklúbb Reykjavíkur með sama hætti og við Ungmennafélagið Fjölni, að fyrrverandi borgarstjórinn í Reykjavík og núverandi forseti borgarstjórnar skuli halda því fram að þetta sé eitthvert góðverk gagnvart atvinnulausum, ég tek undir með borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni að ég held að það sé ýmislegt annað sem atvinnulaust fólk myndi setja í forgang ef það fengi að stjórna þessari borg heldur en níu holur til viðbótar á Korpúlfsstaðavöllum. Nú, 300.000 heimsóknir á ári eins og borgarstjóri sagði hér áðan. Hvað eru mörg atkvæði í því? Ég ætla ekki að fara út í umræður um kosningaloforð, enda þætti mér svosem alveg jafnfáránlegt að gera þennan samning á kosningavori eða öðrum tímum. Þessi samningur er að mínu mati algjörlega fráleitur.

Það var nefnilega þannig að milli umræðna um fjárhagsáætlun ársins 2010 lögðum við borgarfulltrúar Vinstri grænna fram breytingatillögur þar sem við gerðum ráð fyrir fjármagni af liðnum ófyrirséð til þess að bæta þjónustu við börn og ungmenni í borginni. Við lögðum til að starf fyrir börn í 5.-7. bekk yrði efltd, að fjöldi barna á hvern starfsmann í frístundaheimilum borgarinnar héldist óbreyttur og að atvinnumál ungs fólks yrðu efltd. Þessar aðgerðir hefðu getað orðið til þess að draga úr áhrifum kreppunnar á börn og ungmenni og þannig geta sparað borginni umtalsverðar upphæðir til lengri tíma. Í fjárhagsáætlun ársins 2010 er hagrætt um 50 m.kr. með því að fresta inntöku barna á leikskóla. Þar er óútfærð hagræðingarkrafa sem vofir enn yfir grunnskólum Reykjavíkur, þjónusta frístundaheimilanna hefur verið skert og svona mætti lengi telja.

Skammarlega lág grunnupphæð fjárhagsaðstoðar gerir það að verkum að hluti borgarbúa þarf nú að leita sér nauðþurfta hjá líknarfélögum og barnaverndarmálum fjölgar. Samningar borgarinnar hafa langflestir verið teknir til endurskoðunar. Í sumum tilfellum hefur öllu verið frestað, í öðrum hluta. Í langflestum tilfellum hefur borgin mætt miklum skilningi enda er flestum ljóst að lögbundin grunnþjónusta og sú velferðarþjónusta sem borginni er ætlað að veita

hlýtur að njóta forgangs fram yfir framkvæmdir í þágu afmarkaðri þátta. Nú stendur til að samþykkja samning við Golfklúbb Reykjavíkur um 50 m.kr. framlag á þessu ári og 230 m.kr. framlag í allt til að stækka golfvöll klúbbsins. Milljónirnar 50 á að taka af liðnum ófyrirséð úr fjárhagsáætlun sem var kynnt í þágu velferðar með sérstaka áherslu á börn. Fjárhagsáætlun þar sem 50 milljónir voru sparaðar á kostnað yngstu leikskólabarnanna. Fjárhagsáætlun þar sem vinnuálag var aukið á fólk með 180 þúsund krónur í mánaðarlaun. Fjárhagsáætlun þar sem fjárhagsaðstoð var lækkuð ef tekið er tillit til verðlagsþróunar.

Ákvörðun meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um að ganga með málið alla leið er til marks um einkennilega og óforsvaranlega forgangsröðun á kosningavori sem öðrum tímum og enn eina ferðina vakna upp spurningar um það hvort meirihlutinn hafi ekki fengið upplýsingar um það sem gerst hefur í samfélaginu á undanförunum misserum. Veit meirihlutinn ekki að útrásin mislukkaðist? Að frjálshyggjan brást? Að aldrei hefur verið meiri þörf fyrir samfélagslega sýn í forgangsröðun fjármuna á hinum pólitíska vettvangi? Að nú verða kjörnir fulltrúar að standa vörð um grunnþjónustu og axla þá samfélagslegu ábyrgð sem á þeim hvílir? Er von að kona spyrji?

Meirihlutinn ætlar nú að samþykkja 230 m.kr. framlag til Golfklúbbs Reykjavíkur. Þá ákvörðun mega fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks taka einir og óstuddir með mótatkvæði okkar hinna.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

- 4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars**
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér er í raun og veru rætt um grundvallaratriði og það sem mér finnst að þurfi að vera skilaboð Borgarstjórnar Reykjavíkur út í samfélagið eftir umræðu um stóra golfvallarmálið er að það er eitthvað að marka samninga sem Reykjavíkurborg gerir. Jafnvel þó þeir séu gerðir af borgarstjóra Samfylkingarinnar. Það er það sem við erum að gera. Við erum ekki bara að taka þennan samning upp við Golfklúbb Reykjavíkur, við erum að taka upp meira og minna alla þá samninga sem fyrri meirihlutar og fyrri borgarstjórar í Borgarstjórn Reykjavíkur hafa gert á undanförunum árum. Vissulega fóru menn mikinn á árunum 2006 og 2007. Ég ætla ekkert að gera lítið úr því. En það er skylda okkar sem förum með völd í Borgarstjórn Reykjavíkur á hverjum tíma að ganga þannig um stjórnkerfi Reykjavíkurborgar að það sé eitthvað að marka fyrri gjörninga. Jafnvel þó að þeir hafi verið gerðir af pólitískum andstæðingum okkar. Þess vegna er það eiginlega algjörlega með ólíkindum að meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur sé hér að verja tiltekt og lagfæringu á samningi við Golfklúbb Reykjavíkur sem hófst í borgarstjóratið Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur.

Oddviti Samfylkingarinnar segir að nú eigi að taka eitt mál út úr. Nú á að klára eitt mál og setja eitt mál á dagskrá. En það er borgarfulltrúinn sjálfur sem setur þetta mál eitt á dagskrá. Öll hin málin eru á dagskrá, eru í vinnslu, er verið að vinna með í fullu samráði og reyna að ná sem bestri sátt við viðkomandi aðila. Um það snýst málið. Og svo við höldum okkur nú við þennan samning við Golfklúbb Reykjavíkur þá hafði golfklúbburinn í raun og veru tvo samninga við Reykjavíkurborg. Annan um stækkun golfvallarins við Korpúlfsstaði og hinn um lagfæringu og bættu aðstöðu í Grafarholti. Byggingu áhaldahúss og fleiri slíkar framkvæmdir þar. Sá samningur hljóðaði upp á 250 milljónir. Ég held að stækkun golfvallarins á Korpúlfsstöðum hafi verið metinn á um 450 milljónir. Þar í raun og veru fékk golfklúbburinn byggingarrétt hjá Reykjavíkurborg sem golfklúbburinn hugðist nýta sér til þess að fjármagna framkvæmdirnar. Það hefur nú verið dregið tilbaka, byggingarrétturinn kemur aftur til Reykjavíkurborgar og er í raun og veru eign borgarinnar inn í framtíðina með það með hvaða hætti við getum séð það

fyrir okkur að nýta þann byggingarrétt sem við erum nú aftur búin að endurheimta.

En það sem mér finnst vera grundvallaratriði í þessu máli er að skilaboðin út í samfélagið séu þau að það sé að marka samninga við Reykjavíkurborg. Hver svo sem gerir þá. Og því þurfa menn að huga að, núna í lok þessa kjörtímabils og í byrjun þess næsta, hverjir svo sem verða hér við stjórnartaumana á þeim tíma, að þetta ber að virða. Þetta er grundvallaratriði og þess vegna finnst mér oddviti Samfylkingarinnar og Samfylkingin á ótrúlega hálum ís í þessu máli og ég undrast það að afstaða borgarfulltrúa Vinstri grænna sé á sama grunni. Vegna þess að samningar við íþróttafélög, uppbygging íþróttamannvirkja og þeirra starfsemi sem þessir klúbbar stunda í borginni er gríðarlega mikið forvarnastarf, fyrir utan það að bæta mannlífið í borginni og fegra það. Þetta er það sem Borgarstjórn Reykjavíkur er búin að gera alla tíð. En núna, einhverjum nokkrum dögum eða vikum fyrir kosningar, þá ætla menn að gera golfvallarmálið að stóra kosningamálinu. Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi Vinstri grænna spyr hvað mörg atkvæði felist í 300.000 heimsóknum. Og það segir kannski allt um málið. Það segir kannski allt um það í hvaða búning menn eru að setja þetta mál.

Svo finnst mér líka mótsögn í því, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, þegar talað er um ekki nægilega miklar framkvæmdir í borginni, þá talar framkvæmdamaðurinn, borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson, um að ekki sé nægilega mikið framkvæmt. Svo þegar menn eru með samning í höndunum sem klárlega er framkvæmdasamningur, þá er nú betra að doka við, hinkra. Og þá þekki ég kannski borgarfulltrúann betur. Ég held að þetta í raun og veru segi okkur það að málf lutningurinn er ekki nógu skýr. Skilaboð Samfylkingarinnar eru ekki nógu skýr. Það á að framkvæma í dag en svo þegar kemur að því að framkvæma, nei, þá skulum við doka við, hinkra, sjá hvort það er ekki hægt að gera þetta einhvern veginn betur vegna þess að það séu allar forsendur breyttar í samfélaginu.

Ég vil líka mótmæla því sem kom fram hjá borgarstjóra að þetta sé eitthvað einkaútspil borgarstjórans í Reykjavík. Ég fer með atkvæði Framsóknarflokksins í þessum borgarstjórnarmeirihluta og ég stend fullkomlega á bakvið þennan samning og ég tel í raun og veru að það sé skylda okkar sem förum með völdin í

Bstj. 6. apríl 2010

Borgarstjórn Reykjavíkur að klára þennan samning. Breyta samningnum sem er greinilega til hagsbóta fyrir borgina með þeim hætti sem við erum að gera. Og áfram erum við að vinna með Íþróttafélagunum að gerð hinna samninganna [forseti slær í bjöllu]. Þannig að ég vil segja eins og ég sagði hér í upphafi: það er grundvallaratriði að skilaboðin af þessum fundi [forseti slær í bjöllu] í Borgarstjórn Reykjavíkur séu þau að Reykjavíkurborg standi við gerða samninga. Þegar forsendur breyta lögum við samningana og náum [forseti slær í bjöllu] samkomulagi við viðsemjendur okkar og það er það sem þessi samningur gengur út á.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Hermann Valsson.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Hermann Valsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta er merkilegt mál. Golfvöllur. Maður spyr sig: hver er forgangsöröðin? Ég hélt að það væru börn og velferð. Hér er samningur sem var gerður fyrir hrun og hann þarf að efna. En þeir eru jú fleiri, eins og hér hefur komið fram. Ég ætla að leyfa mér að setja upp gleraugu sem ná ekki lengra en út fyrir hverfið mitt, Grafarholt. Þar er samningur við Fram. Óskar Bergsson talaði um samninga sem þarf að efna. Þar er samningur sem þarf að efna. Væntanlega eins og alla aðra samninga. Starfsemi Fram í Grafarholti hefur verið afar erfið við afar slakar aðstæður. Það er ekki til samastaður fyrir iðkendur. Félagið hefur legið undir ámæli frá íbúum vegna skorts á þjónustu og aðstöðu sem á væntanlega að koma frá okkur. Það er eitt hús og grasbleðill sem er minni að fermetramáli heldur en væntanlega ein af þeim brautum sem á að reisa á Korpuvellinum núna með þessum samningi.

Þetta eina íþróttahús var lokað í tíu daga í vetur vegna viðgerða. Ekki beinlínis það sem hverfið þarf á að halda. Og hvað gerir meirihlutinn í Reykjavík? Jú, fer af stað með golfvöll. Hver er þörfin á nýjum golfvelli? Höfum við einhverjar tölur eða kannanir á því? Hvaða velli höfum við hérna? Við erum með Grafarholtsvöllinn, við erum með Korpuvöllinn eins og hann er, við erum með Seltjarnarnes, við erum með Kópavog, við erum með tvo í Garðabæ, tvo í Hafnarfirði, einn í Mosfellsbæ, einn í Mosfellsdal, ég vona að ég sé ekki að særa einhvern með því að gleyma einhverjum golfvöllum. En er virkilega þörf á þessu?

Enn bíða börnin í Grafarholti eftir aðstöðu. Hér hefur komið fram að eitthvað sé verið að vinna í samningnum við Fram en mér er ekki kunnugt um hvar það stendur og í því ágæta félagi, sem að vísu liggur mér nærri og væri væntanlega hægt að væna mig um að vera með eitthvað pot í kringum það félag því það félag ól mig upp. Ég veit ekkert hvar það stendur og menn þar í stjórn eru verulega uggandi því þeir sitja undir ámæli íbúa og eru að svara fyrir hluti sem íþrótt- og tólmstundaráð ætti að svara fyrir en ekki þeir. Það vill nú svo skemmtilega til samt sem áður að nýting frístundakortsins í Grafarholtinu er alveg ótrúlega mikil og líklega einna mest á höfuðborgarsvæðinu. Mig rekur í rogastans miðað við það

hvernig aðstaðan er sem þeim er þarna boðið upp á. Það er líklega út af því að fólk sem býr við svona erfiðar aðstæður leggur allt á sig til þess að reyna að nýta þetta.

Mér er spurn líka fyrst menn taka ákvörðun um að fara í þennan samning og reisa golfvöll, hefur meirihlutinn komið í Grafarholt nýlega og skoðað þær aðstæður sem börnin búa þar við í sambandi við íþróttir? Hvað er langt síðan það hefur komið þarna? Hafið þið séð það sem er boðið upp á? Hlutirnir gengu það langt að það framlag sem átti að fara til Frammara í sumar og átti að fara í Vallargerð í Úlfarsfellinu fór í Sæmundarskóla. Það fór í Sæmundarskóla af því að Fram sjá þar leið, að það hús gæti hugsanlega opnað og verið þeim opið næsta haust til starfsemi. Mér er spurn, og varpa þeirri spurningu á borgarfulltrúa Óskar Bergsson, verður það húsnæði til í haust? Ég hef fengið athugasemdir um að það verði ekki og það veldur mér miklum áhyggjum sem íbúi þarna í hverfinu.

Það er rétt sem hér hefur fram komið að ÍR, eins og Fram, hefur fallist á ákveðnar tilslakanir í sínum samningum. Það gerðu þeir meðal annars með þessu. En þeir eru fleiri. Fylkismenn hafa verið með hugmyndir eins og hér hefur komið fram, KR-ingar og svo framvegis og svo framvegis. Íþróttafélögin hafa tekið mikið tillit. Aðeins hefur verið komið inn á MEST-húsið. Ég hef ákveðinn skilning á því sem kennari í Norðlingaholti. Ég hefði þó frekar viljað klára þann skóla. En breytingin á MEST-húsinu leysir þó ákveðinn vanda og skapar aðstöðu fyrir félagsstarf ungmenna og frístundaheimili og er það gott og þess vegna get ég samþykkt það. Það eru fleiri sem hafa dregið mikið úr starfi sínu. Félagsmiðstöðvarnar hafa dregið gríðarlega mikið úr sínu starfi og ýmis dagskrá sem er á þeirra vegum er ansi orðin mikil beinagrind. [Forseti slær í bjöllu].

En það er núna verið að tala um það að fullnusta samning við GR. Stærri golfvöll, útivist og hvað annað kemur fram hér í þessum umræðum. Hvernig er það, ætla menn þá að beina gangandi og hjólandi umferð inn á þetta útivistarsvæði? [Forseti slær í bjöllu] Þetta gengur ekki saman. Það væri nær að hætta við þetta og hafa áfram kartöflugarða þar sem þessar níu holur eiga að rísa [forseti slær í bjöllu] svo íbúar geti haldið áfram að rækta kartöflur við núverandi efnahagsástand.

Forseti: Borgarfulltrúi Hermann Valsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Óskar Bergsson óskað eftir að veita andsvar.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég held í raun og veru að borgarfulltrúi Hermann Valsson hafi í raun og veru opinberað afstöðu sína til golfíþróttarinnar með sínum lokaorðum og sér frekar fyrir sér kartöflugarð á þeim stað þar sem menn stunda þessa íþrótt. En hann um það. Borgarfulltrúinn nefndi hér, og beindi máli sínu að einhverju leyti til mín, um þá samninga sem eru undirliggjandi og við höfum gert grein fyrir hér í umræðunni, meðal annars samninginn við Fram og aðstöðuna eða aðstöðuleysið í Grafarholti. Ég tek undir með borgarfulltrúanum í því að aðstaða fyrir íþróttaiðkun í Grafarholti er ófullnægjandi í því nýja hverfi. Borgarfulltrúinn nefndi líka að þeir fjármunir sem hefðu átt að fara í gervigrasvöll í dalnum á þessu ári hefðu verið fluttir í Sæmundarskóla. Hið rétta í því er að fjármunirnir voru fluttir í íþróttahús Sæmundarskóla og það var gert í góðu samráði við Frammarana um það að í stað þess að vera með tvö íþróttamannvirki, hálfkláruð, í lok ársins 2010, þá myndum við setja þá fjármuni sem hefðu átt að fara í gervigrasvöllinn í íþróttahúsið í Sæmundarskóla þannig að það yrði þá að minnsta kosti einhver aðstaða til næsta haust í hverfinu og síðan myndu menn fara í gervigrasvallarframkvæmdirnar að því loknu. Ég held að það hafi bara verið skynsamleg ákvörðun og gerð í góðu samráði við þá sem þar að komu.

Borgarfulltrúinn spurði líka að því hvort að við sjáum fram á það að íþróttahúsið í Sæmundarskóla yrði tekið í notkun í haust og við stefnum að því, við gerðum ráð fyrir því í fjárhagsáætlun og ef það er ekki búið að auglýsa þær framkvæmdir sem þar eru eftir, þá er það bara algjörlega á næsta leyti en það er verið að vinna að öllum undirbúningi þess til þess að bæta þá aðstöðu sem þar þarf að vera. En af því að umræðan er tekin hér ágætlega saman af borgarfulltrúa Hermanni Valssyni með það að við eigum frekar að taka Fram-samninginn en ekki golfsamninginn og ganga frekar frá honum, þá mega íþróttafélögin líka passa [forseti slær í bjöllu] sig á því að vera ekki með of mikinn samanburð sín á milli. Við erum svo sannarlega að reyna að koma til móts við Frammarana, það hefur mikið breyst, allt önnur og hægari uppbygging í Úlfarsárdal heldur en menn gerðu ráð fyrir og við erum að reyna að bregðast við því [forseti slær í bjöllu].

Bstj. 6. apríl 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Hermann Valsson.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Hermann Valsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Afstaða mín til golfíþróttarinnar er ákaflega einföld, hún er góð. Ég spila tvo hringi á ári. Ég fór sérstaklega til GR til að kynna mér þeirra aðstæður. Þetta heldur lífi í foreldrum mínum og allri fjölskyldunni, ég er sá eini sem ekki spilar þetta nema tvisvar á ári í einhverju góðgerðarskyni, ætla ekki í þetta fyrir en ég hætti að hlaupa á eftir tuðru. Þannig að ég hef ágætisviðhorf gagnvart golfi, þetta er bara í mínum huga ekki forgangsatriði sem við eigum að fara í. Það bíða börn, talandi um börn og starfsemi fyrir ungmenni, skoðið þið heimasíðu GR. Flettið á unglिंगastarf. Hún er tóm. Ég fór inn á hana í morgun. Hún er tóm. Það eina sem maður finnur af efni er inni á afrekssíðu GR. Er það það sem við erum að tala um í staðinn fyrir barnastarf? Bara minna á þetta.

Ég þakka svör varðandi Sæmundarskóla, borgarfulltrúi Óskar Bergsson, en óska eftir því að fá dagsetningu hjá þér. Hvenær opnar íþróttahús Sæmundarskóla?

Forseti: Borgarfulltrúi Hermann Valsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

- 4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars**
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mér finnst þetta vera ákaflega einkennileg umræða sem hér fer fram. Hér koma minnihlutaflokkarnir upp og halda mikinn formála um það að þetta snúist um forgangsróðun og það sé ekki hægt að efna samning við Golfklúbb Reykjavíkur meðan ekki sé hægt að ljósrita í skólum borgarinnar. En eftir þennan hjartnæma inngang kemur í ljós að þessir sömu ræðumenn styðja allskonar aðra samninga við íþróttafélög í borginni. Frammarinn Hermann Valsson kemur hér upp og telur að það sé mjög mikilvægt að við efnum samningana við Fram. Fylkismaðurinn Dagur B. Eggertsson kemur hérna upp og segir að það gegni allt öðru máli um samningana við Fylki varðandi MEST-húsið. Þeir séu allt öðruvísi. Og samningurinn um Egilshöllina virðist líka vera tekinn út fyrir sviga. Þessa samninga á alla að uppfylla á einhverjum öðrum forsendum, en bara ekki samninginn við GR.

Og af því að borgarfulltrúi Hermann Valsson nefndi það sérstaklega hvort það væru einhverjar upplýsingar til um iðkendur eða aðsókn að golfvöllum, þá er náttúrulega alveg furðulegt að maðurinn þekki ekki betur, eða borgarfulltrúinn þekki ekki betur þá stöðu sem uppi er í golfinu vegna þess að allir vita að golf er uppselt í borginni. Það er erfitt að komast að í íþróttina þannig að ef við erum farin að forgangsraða innan þessara samninga við íþróttafélögin, styðja suma og aðra ekki, þá er kannski ágætt að við tökum umræðu um það hvernig komið er fyrir golfinu í borginni. Hvernig þeir sem vilja spila golf í borginni geta gert það, og ég tek fram að ég er ekki golfari sjálfur en hef kynnt mér það hvernig ástandið er og eins og kom fram í upptalningu Hermanns Valssonar, þá standa nú sveitarfélögin í kringum okkur betur að vígi heldur en Reykjavík þegar kemur að þessu. Þessa umræðu er sjálfsagt nauðsynlegt að taka þegar menn ætla sér að fara að meta það hér, hver og einn, hvaða samninga er mikilvægast að uppfylla við íþróttahreyfinguna, hverjir eru þess verðir að við uppfyllum þá og hverjir ekki. Mér skilst að það séu eitthvað milli 3 og 4.000 iðkendur hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, skráðir, kylfingar þar, félagsmenn í klúbbum, og golf er næstfjölmennasta íþróttin að iðkendum í landinu og gildir örugglega það sama fyrir Reykjavík.

Þá er spurningum Hermanns Valssonar svarað um að það golfíþróttin er feikilega vinsæl og spurningin er: af hverju er ekki hægt að uppfylla samninginn við þá þegar hægt er að uppfylla aðra samninga við íþróttafélögin? Ég skil auðvitað alveg þá meginlínu: nei, þetta er ekki tíminn til þess að fara út í það að byggja sérstaklega fyrir íþróttafélög. Þetta er ekki tíminn til að fara að reisa sérstakt fimleikahús. Þetta er ekki tíminn til að fara að reisa sérstakan golfvöll. Þetta er ekki tíminn til að klára dýra samninga við Fram. En það er enginn hér inni með þá línu að það eigi að ýta þessu öllu út af borðinu. Þeir sem koma hér og eru á móti samningnum við GR, þeir vilja uppfylla allskonar aðra samninga.

Ég veit ekki hvort það er tími til þess hér, virðulegi forseti, að fara út í það að reyna að jafna saman hvar þörfin er brýnust, í hvaða íþrótt þörfin er brýnust. En það er allavega alveg ljóst að sá hugljúfi formáli um það að menn geti ekki ljósritað í skólunum og þess vegna eigi ekki að fara út í neitt fyrir íþróttafélögin, hann heldur ekki þegar menn síðan koma og fara að telja upp sinn eigin forgangslista um það hvar beri að uppfylla samninga við íþróttafélögin. Hvaða íþróttafélög í hvaða hverfum. Þannig að ég vildi nú bara, virðulegi forseti, svona nefna þetta sérstaklega, að við erum hérna með samning við íþróttafélag sem við erum að gera og það er auðvitað erfitt að bera það saman við grunnþjónustu í velferðarkerfinu. Það er erfitt að bera það saman við eða útskýra það fyrir fólki sem bíður eftir plássu á leikskólum. En það er alltaf erfitt. Ekki bara núna þegar kreppir að. Og við biðjum oft hér í borgarstjórn um framkvæmdir á erfiðum tímum. Við viljum halda uppi atvinnustigi. Hér er um mikla og mannaflsfreka framkvæmd að ræða sem hugmyndin er að fara í og þá eru menn á móti því. Þá ætla menn að vera á móti henni. Þá er þetta ekki framkvæmdin sem menn vildu fá.

Þannig að ég held að það sé mikilvægt, virðulegi forseti, að halda þessu til haga, að menn geti ekki sagt A nema segja B, menn geti ekki komið hér og sagt [forseti slær í bjöllu] það á ekki að fara að uppfylla samninga við íþróttafélögin og láta síðan fylgja sinn eigin privat óskalista þar um.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir að veita andsvar.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætlaði nú bara að svara borgarfulltrúanum hér. Það er þannig að við borgarfulltrúar Vinstri grænna höfum setið hjá við afgreiðslu þeirra samninga sem gerðir hafa verið við Íþróttafélög fram til þessa og í bókunum Vinstri grænna, þá sér í lagi í Íþrótt- og tólmstundaráði og borgarráði, er sérstaklega kveðið á um að ekki sé, og þá skiptir engu máli hvort verið er að tala um fimleikahús eða Egilshöll eða annað þess háttar, að við höfum talið brýnt að líta á rekstur borgarinnar í heild og forgangsraða í þágu þeirra sem virkilega þurfa á því að halda. Íþróttafélögin eiga ekki að vera fremst í flokki í því og eitthvað verður undan að láta, okkur finnst það miður, við erum ekki að tala niður Íþróttir, alveg sama hvort það er golf eða fótbolli, en við teljum ekki að á meðan við getum ekki staðið undir lögbundinni grunnþjónustu, að við eigum að vera að fara út í framkvæmdir af þessu tagi.

Framkvæmd við golfvöll er ekki mannaflafrek framkvæmd. Bara svo það sé á hreinu. En svo vil ég líka benda á það að iðkendahópur golfs eða golfíþróttarinnar er allt öðruvísi samsettur heldur en iðkendahópur annarra íþróttar og þá sér í lagi þeirra íþróttafélaga sem bjóða upp á margar íþróttir. Iðkendahópur golfíþróttarinnar er að jafnaði mun eldri, það eru mun færri börn og mun minna barnastarf í golfi heldur en í öðrum íþróttagreinum og það kostar mun meira að spila golf heldur en aðrar íþróttagreinar. Þetta allt verður til þess að mér þætti, ef ég ætti að forgangsraða milli íþróttafélaga, þá myndi ég reyna að forgangsraða í þágu þeirra íþróttafélaga sem bjóða upp á sem mest barna- og unglíngastarf enda er það skylda borgarinnar fyrst og fremst.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson andsvari.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti. Þetta var að mörgu leyti heiðarlegt svar hjá borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur. Vinstri grænir sem sagt styðja ekki neina uppbyggingu hjá Íþróttafélögunum í borginni, sitja hjá alltaf þegar kemur að henni núna í kreppunni, ég gat ekki skilið þetta betur, ég held að ég sé ekki að fara neitt rangt með. Styðja sem sagt ekki neinar hugmyndir um uppbyggingu hjá Íþróttafélögunum í borginni í kreppunni. Það er ágætt að fá það upp. Nema þegar kemur að GR vegna þess að þá eru Vinstri grænir algjörlega á móti. Þegar kemur að golfíþróttinni í Reykjavík. Þetta er bara ágætlega skýrt svar og fínt að þetta sé á hreinu. Það eru nokkur hundruð manns á biðlista eftir því að fá að spila golf í Reykjavík og það er alveg rétt að þeir þurfa að borga fyrir það en það er engu að síður þannig að þeir eru á biðlista, þeir eru að bíða eftir því að borgin komi til móts við allt þetta, þessar þúsundir sem vilja fá að spila golf í Reykjavík og það er ekkert að ástæðulausu sem Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi, gerði þennan samning árið 2006. Það var vegna þess að strax þá var það orðið ljóst að það varð að bæta úr þessari aðstöðu og það er einmitt samningurinn sem við erum að uppfylla núna.

Svo er ánægjulegt að sjá að Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi virðist vera golfvallahönnuður í frístundum vegna þess að hún veit allt um það hvort það þarf marga eða fáa til þess að leggja golfvöll. Það hefur hins vegar verið sagt af talsmönnum golfhreyfingarinnar að framkvæmdirnar við Korpúlfsstaði væru atvinnuskapandi og það yrði ráðið sérstaklega í það verk fólk af atvinnuleysisskrá. Þannig að það eru nýjar fréttir ef Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi veit eitthvað annað heldur en þetta, ef hún veit að þetta verði ekki þannig, að það verði fáir eða engir sem vinni við það að reisa þennan golfvöll eða leggja hann. Ég held þvert á móti að það verði margir og þetta verði það sem við getum hiklaust kallað mannaflsfreka framkvæmd.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að veita andsvar í annað sinn. Þá svarar borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir andsvari í annað sinn.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það eru líka biðlistar hjá skólahljómsveitum í Reykjavík. Hvernig er aðstaðan sem skólahljómsveitir í Reykjavík hafa til afnota? Ég veit að skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðborgar er með Hljómskálann, sem er alltof lítið húsnæði. Ég veit að skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts var uppi í Ölduselsskóla í alltof litlu og ómögulegu húsnæði. En við ætlum samt að setja 50 milljónir á þessu ári í golfvöll og 230 allt í allt.

Talsmenn golfíþróttarinnar segja að þetta sé atvinnuskapandi. Að sjálfsögðu gera þeir það og að sjálfsögðu hlýtur einhver atvinnusköpun að vera í þessum framkvæmdum. En ég veit og mér þætti vænt um ef borgarfulltrúi Óskar Bergsson mótmælti mér ef það er ekki rétt, að það eru til mun mannaflafrekari framkvæmdir heldur en lagning golfvalla. Ef við ætlum að forgangsraða í þágu mannaflafrekra framkvæmda, þá held ég að golfvellir séu ekki efstir á lista.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur veitt andsvar í annað sinn. Þá ... [frammícall] Borgarfulltrúinn getur óskað eftir að fara á mælendaskrá en hún var að svara andsvari. Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir tekur til máls.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þá ætla ég að kveða mér hljóðs vegna 16. liðar borgarráðs frá 18. mars sl. þar sem samþykkt var að ráðstafa allt að 120 m.kr. í sérstakt hreinsunaráttak í Reykjavík. Á næsta fundi, þann 25. mars, kom svo fram í bókun meirihlutans að fyrir þessa upphæð væri hægt að ráða allt að 200 ungmenni til starfa. Það er að sjálfsögðu erfitt að setja sig upp á móti hreinsun borgarlandsins, né heldur því að fleiri ungmenni verði ráðin til borgarinnar, enda ætla ég ekki að gera það, síður en svo. Það verður samt að segjast að það skýtur skökku við að á sama tíma og engar afleysingar verða á leikskólum borgarinnar, sem mun leiða til lengri biðlista og dýrara og óhentugri úrræða fyrir börn á meðan þau bíða, á að ráðast í sérstakt hreinsunaráttak hjá borginni. Sjálf get ég ekki réttlætt það að spara 50 milljónir og 50 milljónir virðist vera orðin einhver þematala hér, en ég get ekki réttlætt það að spara 50 milljónir með því að lengja biðlista á leikskólum en setja 120 milljónir í sérstakt hreinsunaráttak. Hvað veldur slíkri forgangsröðun og hver eru rökin?

Forseti. Á síðasta fundi íþrótt- og tólmstundaráðs var lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra ÍTR um áætlaðar ráðningar eftir sviðum í sumar. Þar er gert ráð fyrir að ráðið verði í 1.284 störf samtals, þar af núll á leikskólasviði en 200 á framkvæmda- og eignasviði. Þetta vekur upp tvær spurningar. Í fyrsta lagi: var þá ekki gert ráð fyrir neinum sumarstörfum á framkvæmda- og eignasviði áður en aukafjárveitingin var samþykkt eða á að bæta 200 störfum við þau 200 sem áður voru fyrirhuguð? Hin spurningin er: er það í samræmi við samþykka stefnumörkun borgarinnar, annars vegar í aðgerðaáætluninni og hins vegar í stefnumörkun um forgangsröðun í atvinnumálum, en á báðum stöðum er kveðið á um fjölbreytt störf og mannaflafrek, að áttak upp á 120 m.kr. fari ósjálfrátt inn á framkvæmda- og eignasvið?

Er það í samræmi við síendurteknar tuggur meirihlutans um forgangsröðun í þágu velferðar með sérstakri áherslu á börn? Væri ekki nær að hætta við niðurskurð á leikskólasviði, skila þeim aftur sínum 50 m.kr. og taka svo til fyrir 70? Ekki að það hefði ekki verið hægt að nota 50 milljónirnar sem nú stendur til að samþykkja

Bstj. 6. apríl 2010

í golfvöll líka í eitthvað nýtilegra. Mér þætti vænt um að fá skýr svör við þessum spurningum mínum og jafnvel rökstuðning á þessari einkennilegu forgangsörðun sem virðist ekki vera í neinu samræmi við markmið og samþykktir borgarstjórnar og meirihlutans sjálfs á undanförunum misserum.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

- 4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars**
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Bara til þess að bregðast við þessum spurningum borgarfulltrúans þá er það að segja að þessi 200 störf sem um er að ræða eru viðbót. Ég get ekki alveg svarað því hér og nú en ég get látið vinna þau svör fyrir mig, annað hvort hér á fundinum eða fyrir fund borgarráðs nk. fimmtudag að greina nákvæmlega frá því hver viðbótin nákvæmlega er en að sjálfsögðu er þetta viðbót við þau sumarstörf sem áætlað var að fara í. Auk þess sem þetta er náttúrulega líka ákveðið hreinsunarátak í borginni sem við erum í raun og veru að skynja eftir að við erum búin að fara í gegnum gríðarlega mikla hagræðingarkröfu inni á framkvæmda- og eignasviði í tveimur undangengnum fjárhagsáætlunum, þar sem við erum búin að hagræða verulega þar í rekstri. Nú sjáum við í raun og veru bara árangurinn af því að það þarf meira til.

Sú hagræðingarkrafa sem við höfum gert á framkvæmda- og eignasviði í undanförunum tveimur fjárhagsáætlunum sýnir okkur það að við þurfum að leggja meiri áherslu á hreinsun og fegrun borgarlandsins heldur en gert hefur verið og til þess að ná því fram, með því að halda áfram hagræðingunni, þá erum við líka að taka upp í raun og veru fleiri samninga. Nú er til dæmis að renna út í vor samningur um snjómokstur í borgarlandinu sem gerður var fyrst árið 2004 og síðan endurnýjaður árið 2008, þar sem við erum í raun og veru með gríðarlega hátt viðbúnaðargjald í snjómokstrinum, hátt í 200 m.kr. á ári, hvort sem það snjóar eða snjóar ekki. Þannig að við erum í raun og veru að taka saman á öllum þáttum í rekstri framkvæmda- og eignasviðs með hvaða hætti við getum náð þar ákveðinni hagræðingu. Það er alveg ljóst að við getum ekki náð fram frekari hagræðingu í fegrun og hreinsun borgarlandsins, auk þess sem við viljum tryggja fjölda sumarstarfa í borginni. Við höldum ekki lengur áfram á þeirri braut en hugsanlega getum við hagrætt frekar í því að hagræða og breyta til í snjómokstrinum.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Já, það er mjög áhugavert og gott að fá það staðfest að Vinstri grænir séu ekki hrifnir af hreinsun borgarinnar, sérstaklega nú á vorin þegar virkilega þarf að taka til hendinni. Það skiptir máli að taka til í borginni, það skiptir máli að vista leikskólabörn, það skiptir allt máli sem við sinnum. Þess vegna er mikilvægt að við séum öll á tánum og það er gott að við séum að fylgjast með þessu öllu saman. En það verða til, eins og borgarfulltrúi Óskar Bergsson fór yfir herna, sumarstörf við þessi verkefni og fallegri borg sem okkur líður betur í. Það skiptir líka máli.

Ég vil hins vegar að það komi fram hér að það sé rangt hjá borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur að engar afleysingar séu í leikskólunum. Það þarf að skýra þetta betur út vegna þess að þetta hljómar eins og það sé ekki, ef einhver verður veikur, að það verði enginn í hans stað eða hennar. Í sumar er jú hagræðing, hefur áhrif á að það verða ekki ráðnir sumarstarfsmenn. Það er tvennt gjörólíkt. Það eru ekki ráðnir sumarstarfsmenn til að leysa af. Hins vegar er líka rangt hjá borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur, og það er mjög leiðinlegt að það sé kominn kosningaskjálfti sem hefur þau áhrif að ítrekað séu borgarfulltrúar minnihlutans að fara fram með einhverjar fullyrðingar sem eru ekki réttar, og maður þarf stöðugt að vera að koma með skýringar á málunum.

Lenging biðlista er líka rangt og þetta hefur ítrekað komið herna fram í borgarstjórn, í leikskólaráði, en samt sem áður koma hér alltaf borgarfulltrúar minnihlutans og tala um lengingu biðlistans. Það sem er verið að gera er að það er lokað í fjórar vikur í leikskólum borgarinnar að hámarki fyrir þá leikskóla sem vilja. Starfsmenn eru í fimm til sex vikur í fríum og þarna færast þá yfir sú regla að ekki megi yfirvista börn. Að ekki megi yfirvista börn. Og nú erum við komin í mjög tæknilegt umhverfi herna en það er mjög ósanngjarnt að tala um lengingu biðlista, 1.400 börn fá vistun í haust í staðinn fyrir að undanfarin ár hefur einu og einu barni verið hleypt inn í yfirvistun. Það er tvennt gjörólíkt, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 6. apríl 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir að gera stutta athugasemd.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 18. mars
- 15. liður; drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og GR
Fundargerð borgarráðs frá 25. mars
- 13. liður; borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. – umboð til borgarráðs

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég var alls ekki að tala um afleysingar vegna veikinda. Ég var að tala um sumarafleysingar, sumsé ráðningar ungmenna inn á sviðin í sumar. [Frammícall] Engar afleysingar, hefðbundnar sumarafleysingar. [Frammícall] Flott, það er bara ekki það sem ég er að ræða um hér og það er ekki það sem málið snýst um. Málið snýst um að það á ekki að ráða inn eitt einasta ungmenni á leikskóla borgarinnar í sumar, á sama tíma og það á að ráða inn 200 einstaklinga á framkvæmda- og eignasvið og ég hef ekki ennþá fengið staðfestingu á því hvort þessir 200 sem nú var verið að samþykkja bætast við þá tölu eða hvort ekki hafði verið fyrirhugað að ráða nokkurn skapaðan mann þarna inn áður en þetta viðbótarframlag kom. Þeirri spurningu myndi ég vilja fá svarað hér á fundinum en á sama tíma er verið að skerða tómsundastarf hjá börnum. Það á að loka í tvær vikur hjá íþróttá- og tómsundasviði. Það að einu og einu barni, eins og formaður leikskólaráðs orðaði það svo smekklega, hafi verið hleypt inn í yfirvistun [forseti slær í bjöllu] er mjög mikilvægt fyrir foreldra. Foreldrar þurfa nú að bæði greiða meira [forseti slær í bjöllu] og hafa börnin sín í óhagkvæmara úrræði allt fram á haust og þetta er allt á kostnað barnanna í borginni til þess að hægt sé að fara í hreinsun borgarlandsins.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Það hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls. Í fundargerð borgarráðs frá 18. mars, sem er 15. liðurinn, það er að segja drög að samningi milli Reykjavíkurborgar og Golfklúbbs Reykjavíkur, sá liður kemur til atkvæðagreiðslu [forseti hringir bjöllu]. Þá verður gengið til atkvæðagreiðslu um 15. lið fundargerðar borgarráðs frá 18. mars. Þeir sem samþykkja hann gefið merki. Er einhver á móti? Liðurinn er samþykktur með átta atkvæðum gegn sex, ein hjáseta. Þá er það 13. liður í fundargerð borgarráðs frá 25. mars, það eru semsé borgarstjórnarkosningar 29. maí nk. Þeir sem samþykkja þennan lið. Það eru allir borgarfulltrúar sammála þessu, eðlilega. Samþykkt með 15 greiddum atkvæðum.

Bókanir [fluttar við lok fundar]

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég geri grein fyrir bókun meirihlutans vegna samningsins við Golfklúbb Reykjavíkur og er bókunin svohljóðandi:

Með samkomulagi við Golfklúbb Reykjavíkur mun Reykjavíkurborg efna samning um stækkun golfvallarins á Korpúlfsstöðum. Samninginn má rekja til vorsins 2006 þegar Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þáverandi borgarstjóri Samfylkingarinnar, undirritaði skuldbindandi samninga við fjölmörg íþróttafélög upp á 2,2 milljarða króna, þar á meðal um styrk Reykjavíkurborgar til GR til stækkunar golfvallar á Korpúlfsstöðum. Það er því sérkennilegt að Samfylkingin og Dagur B. Eggertsson greiði atkvæði á sama fundi með nýju samkomulagi við önnur íþróttafélög, eins og Fylki og Fjölni, en á móti samkomulagi við GR, en alla samninga má rekja til þeirra samninga er gerðir voru í aðdraganda kosninga 2006. Með samkomulaginu er fallið frá fyrri uppbyggingaráformum samkvæmt samningi frá árinu 2007 en í samræmi við hann óskaði GR eftir styrk frá borgaryfirvöldum til stækkunar Korpúlfsstaðavallar og til uppbyggingar æfingaaðstöðu við Bása og við Grafarholtsvöll, alls að upphæð 450 m.kr. Með þeim samningi sem nú hefur verið samþykktur í borgarráði fellur félagið frá fyrri áformum en stækkun verður framkvæmd á Korpúlfsstaðavellinum samkvæmt upphaflegum samningi frá 3. apríl 2006. Mun borgin styrkja félagið vegna þeirrar framkvæmdar á fjórum árum og á móti skilar GR Reykjavíkurborg verðmætu landi í Staðarhverfi, sem verður til framtíðar verðmætt byggingarland borgarinnar. Samningurinn er til hagsbóta fyrir Reykjavíkurborg og gerir GR kleift að standa að uppbyggingu í samræmi við fyrri áform. Eins og kemur fram í umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar rúmast umrædd tillaga innan fjárhagsáætlunar.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur gert grein fyrir bókun B- og D-lista. Fljótlega munu borgarfulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar gera grein fyrir sínum bókunum. Við dokum aðeins við.

Bókanir [fluttar við lok fundar]

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég geri grein fyrir bókun borgarfulltrúa Samfylkingarinnar.

Í tillögu borgarstjóra felst að leggja fram 230 milljónir króna úr borgarsjóði í nýjan golfvöll. Það getur Samfylkingin ekki stutt á sama tíma og laun og þjónusta hefur verið skert og þrengt mjög að mikilvægri starfsemi í allri borginni. Samningar við íþróttafélög hafa þar ekki verið undanskildir og mörg brýn verkefni sem verða að bíða. Fullyrðingar meirihlutans um annað er vísað til föðurhúsanna og er vísað til bókana Samfylkingarinnar við afgreiðslu þeirra mála því til stuðnings. Golf er góð íþrótt sem margir hafa áhuga á en það er ekki hægt að ætlast til þess að borgarbúar, foreldrar, starfsfólk og önnur íþróttafélög sætti sig við erfiðan sparnað og áframhaldandi aðhald þegar borgarstjóri snarar fram 230 milljónum í golfvöll.

Forseti: Það var borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson sem gerði grein fyrir bókun Samfylkingarinnar og hefur nú lokið máli sínu. Nú talar borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir og gerir grein fyrir bókun Vinstri grænna.

Bókanir [fluttar við lok fundar]

Sóley Tómasdóttir: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég geri hér grein fyrir bókun borgarfulltrúa Vinstri grænna vegna samnings við Golfklúbb Reykjavíkur, hún er svohljóðandi með leyfi forseta:

Borgarfulltrúar Vinstri grænna telja með öllu óásættanlegt að á sama tíma og mikill niðurskurður á sér stað sem bitnar á grunnþjónustu borgarinnar skuli meirihlutinn samþykka samning við Golfklúbb Reykjavíkur um 230 milljóna króna framlag á næstu fjórum árum. Á þessu ári mun borgin þannig greiða 50 milljónir til Golfklúbbsins en upphæðin samsvarar þeirri sem sparast við að fresta inntöku barna á leikskóla fram á haust. Aldrei hefur verið meiri þörf fyrir samfélagslega sýn í forgangsröðun fjármuna á hinum pólitíska vettvangi þannig að staðinn sé vörður um grunnþjónustuna. Þá ábyrgð ætlar meirihlutinn ekki að axla, heldur verja sameiginlegum fjármunum borgarbúa í afmarkaða framkvæmd í þágu fátta.